

Fundur í skólaráði 4. febrúar 2019

Mættir: Eyrún skólastjóri, Helgi frá hverfisnefnd, Soffía fulltrúi starfsmanna, Sara og Ágúst fulltrúar foreldra, Hólmfríður f.h. kennara, Birta nemandi í 10. bekk og Helga deildarstjóri sem ritar fundargerð.

1. Fundartími vorannar: 4. mars og 13. maí. Á næsta fundi verður skóladagatalið tilbúið til umræðu þar.
2. Árshátíð skólans með hefðbundnu sniði þetta ár 10. og 11. apríl. 9. bekkur farinn af stað að huga að leikriti og leikstjóra. Vona að halda megi í þessa hefð.
3. Bréf til vegagerðar og bæjarins vegna Hörgárbrautar. Svar borist frá vegagerð og sviðsstjóra umhverfissvið Ak. Skipulagsráð hefur óskað eftir umsögn frá þeim sem að málinu koma. Vegagerðin bendir á það sem gert hefur verið. Ekki allir sáttir við þessi svör. Beðið eftir nánari svörum. Ágúst vill að það verði send aftur bréf. Jafnvel að það verði settir gangbrautaverðir t.d. niður að ljósum á Hörgárbrautinni. Rætt hvort foreldrafélag skólans ætti að beita sér í þessu máli.
4. Skólaárið 2019-2020. Liggur ekki alveg fyrir, mun liggja fyrir á næsta fundi. Kominn grunnur að skóladagatali sem þarf að fara fyrir fræðsluráð. Þarf að skoða ýmislegt fyrir næsta vetur má reikna með 30 barna fjölgun í skólanum. Væntanlega koma 46 börn inn næsta vetur. Spurt um leikskóladeildina hvort hún verði tekin út.
5. Framtíð Glerárskóla. Nú verður bara byggður sjálfstæður leikskóli með tengibyggingu að skólanum. Síðan verður farið í breytingar hér innan húss en til þess hafa verið settar 300 milljónir á næstu tveimur árum. Enn gert ráð fyrir samlegðaráhrifum vegna mötuneytis. Á starfsmannafundi á miðvikudag verður farið að skoða hvað við viljum hér innan húss, hugflæði um það og heildin tekin. Bent á að kannski þyrfti hverfisnefndin að ræða þetta opinberlega. Bent á að mötuneytin eru ekki lögleg/á gráu svæði í grunnskólunum skv. umfjöllun sem var í fjölmiðlun. Hér innan húss verður byrjað að taka B-álmu í gegn. Farið verður af stað í framkvæmdir í maí. Þarf út frá því að hugsa um 1. bekk, frístund, leikskóladeildina og annað sem tengist rými skólans. Rætt um Árholt – hvort ekki sé hægt að nota það. Það ýtt á það.
6. Olweus könnun. Helga kynnti niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir í janúar. Komum vel út eða 3.7%. Niðurstöður verða kynntar á starfsmannafundi á miðvikudag og glærur síðan settar á heimasíðu.
7. Önnur mál. Ágúst spurði um fíkniefnafræðslu þar sem hann hafði heyrt að þetta væri að færast neðar. Geðdeildin hér á sjúkrahúsinu hefur áhyggjur. Þarf að hafa samband við forvarnarfulltrúa í Rosenberg. Margir af elstu nemendum í grunnskólum að veipa að sögn nemandans.  
Helgi spurði um starfameissuna. Birta sagði að það hefði verið mjög áhugavert.  
Sara spyr um hjúkrunarfræðing, finnst hún vera of lítið við eða að staðan hennar þurfi að vera meiri.
8. Fjárhagsáætlun skólans. Afgangur af síðasta skólaári. Skiptir máli að reka skólann á núlli. Hefur skipt máli að margir hafa verið í langtímaveikindum síðustu 2 ár og því erfitt að áætla útgjöld.

Eyrún hvatti fundarmenn til að láta vita ef þau hafa einhver mál sem þau vilja að rædd verði á fundunum.